

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-8/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á sturtuklefa, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. febrúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og búrúst þau hinn 25. febrúar. Með bréfi, dags. 27. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess 13. mars. Engin frekari gögn búrúst nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að fyrir hátt í þremur árum síðan keypti álitsbeiðandi sturtuklefa með glerrennihurðum af seljanda. Segir álitsbeiðandi að í janúar sl. hafi hún verið að baða son sinn í botni sturtuklefans. Ískur hafi komið frá öðru hjólinu á glerrennihurðinni og þegar álitsbeiðandi ýtti við hurðinni, hafi glerið sprungið með miklu afli yfir þau mæðgin. Hafi þau bæði skrámast mikið, en álitsbeiðandi meira, m.a. hafi eitt glerbrot skotist af það miklu afli í handlegg hennar að hún hafi hlotið sinaskaða og líklega taugaskaða. Segir álitsbeiðandi að krafturinn í glerinu hafi verið það mikill að það hafi þeyst út af baðherberginu og í eldri son hennar, sem hafi verið staddur við útidyrhurð í u.þ.b. 6 metra fjarlægð. Hann hafi skorist á tveimur stöðum. Telur álitsbeiðandi að hún hljóti að eiga einhvern rétt gagnvart seljanda m.a. vegna sjúkrakostnaðar, vinnutaps, hreinsunar á glerinu og kostnaði við að skipta um sturtuklefa. Segist hún hafa leitað til seljanda, en seljandi hafnað því að koma til móts við hana.

Í gögnum þeim sem fylgdu álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi á ekki kvittun fyrir kaupum á sturtuklefanum en telur að hann hafi kostað um kr. 50.000. Þá fylgir álitsbeiðni ljósmynd af sturtuklefanum ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, kemur m.a. fram að samkvæmt málavaxtalýsingu álitsbeiðanda hafi álitsbeiðandi keypt sturtuklefa fyrir, að því hún telur, 3 árum og þegar hún hafi verið að nota klefann hafi ískrað í hjóli og þegar hún hafi ætlað að færa hurð klefans til hafi glerið í hurðinni splundrast. Álitsbeiðandi geti ekki framvísað kvittun fyrir kaupnum á sturtuklefanum, né gert grein fyrir því af hvaða gerð klefinn er. Þá telur seljandi að álitsbeiðandi hafi ekki framvísað neinum gögnum né greint frá því hvað raunverulega gerðist og að ekki liggi fyrir frekari upplýsingar í málinu. Ekki liggi fyrir hvort ískur sem álitsbeiðandi heyrði við hreyfingu á hurðinni í klefanum hafi verið vegna aðskotahlutar eða annars. Ekki hafi verið sýnt fram á að sturtuklefinn hafi verið gallaður eða haldinn hættueiginleikum og yfir höfuð liggi engar upplýsingar fyrir sem nokkuð hald sé í. Þá sé ekki sýnt fram á orsakasamband milli þess tjóns sem álitsbeiðandi segist hafa orðið fyrir og

einhvers óskilgreinds galla sem kunni að hafa verið til staðar í sturtuklefanum. Telur seljandi að miðað við fyrirliggjandi gögn og málavaxtalýsingu sé útilokað fyrir félagið að fallast á ábyrgð sína. Krefst seljandi þess að málinu verði vísað frá þar sem ekki liggja fyrir hvort álitsbeiðandi keypti umræddan sturtuklefa af honum. Til vara krefst seljandi þess að kærunefndin hafni bótakröfu álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa.

Álitsbeiðandi hefur leitað til kærunefndarinnar vegna tjóns sem hún varð fyrir vegna þess að glerrennihurð í sturtuklefa á heimili hennar brotnaði með þeim afleiðingum að álitsbeiðandi og synir hennar slösuðust. Telur álitsbeiðandi að hún hafi keypt umræddan sturtuklefa af nefndum seljanda fyrir u.þ.b. 3 árum síðan og beinir hún bótakröfu sinni að þeim aðila. Álitsbeiðni fylgir ljósmynd af umræddum sturtuklefa og afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við nefndan seljanda. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að finna kvittun eða aðra staðfestingu á kaupum álitsbeiðanda á sturtuklefanum af seljanda, né heldur nánari upplýsingar um það tjón sem álitsbeiðandi hefur orðið fyrir. Liggur því ekki fyrir hvenær klefinn var keyptur, hvað hann kostaði, af hverrar gerðar hann er eða í raun hvert tjón álitsbeiðanda er, í hluta eða heild, t.d. kvittanir fyrir kostnaði. Þá liggur ekki fyrir hvað gæti valdið því að gler í hurð klefans brotnaði.

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa segir: „Nefndin skal vísa máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til álitsgjafar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál, sem vísað er frá á þessari forsendu, skal taka til meðferðar að nýju hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.“

Með vísan til framanrakinnar 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 telur kærunefndin útilokað annað en að vísa álitsbeiðni þessari frá nefndinni. Kærunefndin bendir á að álitsbeiðandi getur beðið kærunefndina að nýju um álit á ágreiningi aðila, leggi hún þær upplýsingar og gögn fram sem tiltekið er hér að ofan að skorti. Telur kærunefndin og rétt að benda á að vegna ákvæða 2. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, fellur það utan við valdsvið nefndarinnar að taka afstöðu til bótakrafna í tengslum við líkamstjón, jafnvel í þeim tilvikum sem augljóst er að galli á söluhlut hefur haft í för með sér kostnað vegna líkamstjóns. Slíkar bætur yrði að sækja á öðrum vettvangi.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir